

Fundargerð

379. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps
fimmtudaginn 9. apríl 2015 kl. 16.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Mariutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson (KK) oddviti, Vilberg Þráinsson (VP), Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG), Ágúst Már Gröndal (ÁMG) og Sandra Rún Björnsdóttir (SRB). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er þrjár blaðsíður

Oddviti bauð fólk velkominn og leitaði afbrigða að taka 2 mál á dagskrá undir liðnum önnur mál, var það samþykkt. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá

Fundargerðir

1. 378. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps 12. mars 2015.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. Stjórn Barmahlíðar 1. apríl 2015.

Formaður stjórnarinnar fór yfir fundargerðina.

2.1. 1504002 – Starfshlutfall hjúkrunarforstjóra.

Sveitarstjórn samþykkir breytt starfshlutfall hjúkrunarforstjóra úr 85% í 100% frá og með 1. apríl 2015. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðir samþykkt í heild sinni.

3. Mennta- og menningarmálanefnd 7. apríl 2015.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

3.1. Kennslustundir skólaárið 2015-2016.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

3.2. Skóladagatal og stytting á skólaári.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

3.3. Ósk um kennsluafslátt fyrir skólastjóra.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni.

Mál til afgreiðslu

1. 1503021 – Samningur vegna embættis skipulags- og byggingarfulltrúa.

Fyrir liggur undirritaður samningur um embætti skipulags- og byggingarfulltrúa vegna óskar Kaldrananeshrepps eftir samstarfi við Árneshrepp, Dalabyggð og Reykhólahrepp um embættið. Samningurinn var undirritaður með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar.



Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir samninginn samhljóða.

Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að taka upp viðræður við Dalabyggð, Kaldrananeshrepp og Árneshrepp til að styrkja skipulags- og byggingarfulltrúaembættið með því að ráða starfskraft til viðbótar því starfi sem fyrir er og jafnframt að athuga hvort Strandabyggð vill gerast aðili að þessu samstarfi. Samþykkt samhljóða.

2. 1504007 – Fundarboð til ársfundar Náttúrustofu Vestfjarða.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps þakkar boðið en sendir ekki fulltrúa á ársfund Náttúrustofu, en óskar eftir því að fá afrit af fundargerð ársfundarins til upplýsingar. Samþykkt samhljóða.

3. 1504008 – Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. 2015 og auglýsing eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga.

Fundarboð og erindi frá Lánasjóði sveitarfélaga dagsett 30. mars 2015.

ÁBG verður fulltrúi með fullt umboð sveitarstjórnar Reykhólahrepps og atkvæðarétt á aðalfundi Lánasjóðs sveitarfélaga þann 17. apríl. Samþykkt samhljóða.

4. 1502004 – Verklagsreglur leikskóladeildar Reykhólaskóla.

Frestað frá fundi sveitarstjórnar þann 12. febrúar 2015.

Sveitarstjórn samþykkir verklagsreglur leikskóladeildar samhljóða.

5. 1503016 – Erindi frá nefndarsviði Alþingis til umsagnar.

5.1. Tillaga að þingsályktun um að draga úr plastpökunotkun, 166. mál.

Sveitarstjórn veitir ekki umsögn um málið, samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

1. 1504009 – Íbúaskrá 1. desember 2014 og aldursdreifing í sveitarfélaginu 1. janúar 2015.

Sveitarstjórn fór yfir framlögð gögn.

2. 1503003 – Staðfesting Vegagerðarinnar á móttöku umsóknar um fjárveitingu vegna styrkvega 2015.

Erindi dagsett 24. mars 2015.

Lagt fram.

3. 1502024 – Stjórnsýsla í Flatey.

Svar innanríkisráðuneytis við bréfi Stykkishólmsbæjar, dagsett 17. mars 2015.

Lagt fram. Sveitarstjórn stefnir á ferð út í Flatey og ræða við íbúa.

4. 1503019 – Fundargerð stjórnarfundar FV 24. mars 2015.

Fundargerð lögð fram.

5. 1502025 – Fundargerð 827. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerð lögð fram.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin

1. 1504010 – Námsvist utan lögheimilissveitarfélags.

Umsókn um nám utan lögheimilissveitarfélags, erindi frá Vilborgu Ásu Fossdal, móttekið 8. apríl 2015.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir umsókn um námsvist utan Reykhólahrepps út skólaárið 2014-2015 samhljóða, sveitarstjóra falið að koma umsókninni á framfæri við Fræðslusvið Reykjanesbæjar.

2. 1504011 – Umsögn um rekstrarleyfi fyrir Hólabúð á Reykhólum.

Erindi og umsókn frá Sýslumanninum á Vestfjörðum, dagsett 31. mars 2015.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps veitir jákvæða umsögn um beiðni Sýslumannsins, með fyrirvara um jákvæða umsögn slökkviliðsstjóra. Samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 17.52.

_____	_____
_____	_____
_____	_____